

# **„Ég virðist alltaf falla á tíma“**

## **Reynsla nemenda sem glíma við námsvanda í Háskóla Íslands**

Sigrún Harðardóttir, lektor við félagsráðgjafardeild.

Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, stundakennari við Félagsráðgjafardeild.

Hlutverk íslenskra háskóla er samkvæmt lögum miðlun þekkingar og að auka hæfni nemenda og samfélagsins alls (Lög um Háskóla Íslands, nr. 63/2006). Nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum áratugum. Árið 1981 voru 4.413 nemendur skráðir við skólann en árið 2016 voru þeir orðnir 12.921 (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2017). Með fjölbreytilegri nemendahópa standa háskólar frammi fyrir þeirri áskorun að mæta þörfum ólíkra nemenda.

Rannsóknir hafa sýnt að háskólanemendur sem eiga við námsvanda að stríða, s.s. vegna námserfiðleika eða persónulegra erfiðleika standa frammi fyrir ýmsum hindrunum í námi. Þeir eru lengur að ljúka háskólanámi, fá lægri einkunnir og eru í meiri hættu á að hverfa frá námi en aðrir nemendur. Þær námslegu hindranir sem nemendur standa frammi fyrir felast m.a. í erfiðleikum við að lesa námsefnið, hlusta á kennarann og skrifa glósur á sama tíma, draga ályktanir af þungum texta, skrifa texta sem er málfarslega réttur og undirbúning fyrir próf og próftöku (Simmons og Singleton, 2000; Erskine og Seymour, 2005; Callens, Tops og Brysbaert, 2012; Mortimer og Crozier, 2006). Þá geta þessir nemendur upplifað að þeir séu ekki hluti af nemendahópnum af því að þeir læra öðruvísi en aðrir nemendur og upplifa sig því ólíka öðrum (Mortimer og Crozier, 2006). Auk áhrifa námsvanda á nám nemenda hafa rannsóknir sýnt að nemendur sem glíma við námsvanda geta átt í meiri erfiðleikum með að samþætta námið við önnur þroskaverkefni sem fylgja því að hefja nám í háskóla. Því er mikilvægt að kennarar mæti þeim með skilningi (Arnett, 2016; Weimer, 2010). Í því sambandi hafa fræðimenn bent á mikilvægi þess að kennarar sýni þessum nemendum umhyggju (e. caring) til að ýta undir nám þeirra (Hult, 1980) í þeim tilgangi að efla færni þeirra og þroska fagleg viðhorf (Hawk og Lyon, 2008). Fræðimenn hafa jafnframt bent á mikilvægi þess að kennarar beri kennsl á hvað einkennir nemendur innan hvers nemendahóps og miða kennsluhætti út frá því (Aswin o.fl., 2015).

Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hvað styður og hvað hindrar nemendur í Háskóla Íslands sem glíma við námsvanda? Tekin voru þrjú einstaklingsviðtöl og rýnihópaviðtal við sex nemendur í BA námi við félagsráðgjafardeild. Við greiningu gagna komu fram fjögur meginþemu; a) aðlögun að háskólasamfélaginu, b) stuðningur, c) hindranir, d) hugmyndir að breytingum. Niðurstöður sýna að nemendur voru ánægðir með ýmsa þætti varðandi skipulag náms og skilning kennara á stöðu þeirra. Almennt fannst þeim ríkja gott viðmót í deildinni og sú áhersla sem lögð er á hópvinnu í upphafi náms leiddi til þess að þeir náðu að kynnast samnemendum sínum sem studdi við aðlögun þeirra að háskólasamfélaginu. Nemendur voru þó sammála um að í ljósi þess hve námsefnið var yfirgripsmikið hefðu þeir þurft meiri skilning og aðstoð til að takast á við akademískt nám þar sem þeir voru áhugasamir og vildu leggja sig fram í náminu. Eins sýna niðurstöður að nemendur mættu ýmsum hindrunum í tengslum við kennsluhætti sem geri þeim erfitt fyrir, s.s. að kennarar taki ekki nægilegt tillit til fjölbreytileikans í nemendahópnum með því að gera sömu kröfur til allra sem olli kvíða og vanlíðan, of stórir nemendahópar sem skapa ákveðna fjarlægð frá kennurum og sumar kennslustofur fráhrindandi.

Af niðurstöðunum má sjá að nemendur sem glíma við námsvanda eru viðkvæmur hópur sem mikilvægt er að mæta á heildrænan hátt, sýna þeim skilning og veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Í því sambandi má ætla að kennslufræðileg þekking geti nýst kennurum vel til að ná að koma til móts við nemendur sem glíma við námsvanda. Þess er vænst að niðurstöður rannsóknarinnar geti gagnast kennurum við að taka meira tillit til fjölbreytileikans í nemendahópnum og ná að koma enn frekar til móts við námslegar þarfir nemenda og stuðla þannig að bættri sálfélagslegri líðan þeirra í forvarnarskyni.

[Viðbótarupplýsingar teknar úr tölvupósti Sigrúnar 2. október 2018: „Nú er rannsókn lokið og við erum búnar að skrifa grein um niðurstöðurnar sem búið er að samþykkja til birtingar í tímaritinu Uppeldi og menntun.“]